



Ársskýrsla Íslensku friðargæslunnar 2006



Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

Nóvember 2007

www.utn.stjr.is

Umbrot og prentvinnsla:

Gutenberg

Mynd:

Mynd blaðsíðu 9 frá ÖSE-Eric Gourlan.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Helstu stefnumál	5
Helstu verkefni ársins 2006	7
Fjármál	10

Samstarfsaðilar Íslensku friðargæslunnar



Inngangur

Pátttaka Íslands í friðargæslu hófst fyrir nær sextíu árum en hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Árið 2001 var Íslenska friðargæslan stofnuð og hefur rekstur hennar gengið vel. Verkefnum og samstarfsstofnunum hefur fjölgað en á árinu 2006 var unnið með NATO, ESB, ÖSE, Matvælaáætlun SP, UNIFEM og Norðurlöndunum á ýmsum stöðum í heiminum. Íslenskir friðargæsluliðar voru staðsettir á Srí Lanka, í Afganistan, Serbíu, Tansaníu, Líberíu, Írak og Bosníu ásamt því að nokkrir einstaklingar fóru í kosningaæftirlit til Svartfjallalands, Bosníu, Hvíta-Rússlands og Úkraínu.

Starfsemi Íslensku friðargæslunnar tók nokkrum stakka-skiptum á árinu. Nýr ráðherra tók við embætti og breytt var áherslum með stefnumótun haustið 2006. Breyttar áherslur fólu m.a. í sér að auka breidd yrði í verkefnum, stuðlað væri að því að auka hlut kvenna í friðargæslustörfum og áhersla yrði lögð á nokkur svið í verkefnavali. Nokkuð var um mannabreytingar á skrifstofu friðargæslunnar á árinu og nýr forstöðumaður Íslensku friðargæslunnar tók við í september.

Pátttaka Íslands í friðargæslu er mjög mikilvæg og er litið á hana sem stóran þátt í framlagi Íslands til alþjóðlegs samstarfs. Friðargæslan er að langmestu leyti hluti af þróunar-

framlagi Íslands. Litið er svo á að það sé skylda Íslands sem aflögufærs ríkis að taka þátt og leggja sitt af mörkum til friðaruppbyggingar í heiminum. Eftir framlagi Íslands er tekið og það mikils metið af öllum samstarfsaðilum. Þeir einstaklingar sem gefa kost á sér til friðargæslustarfa og taka að sér slík verkefni eru ásýnd Íslands gagnvart umheiminum á þeim vettvangi sem þeir starfa á. Þeirra framlag er það sem mestu máli skiptir og það hefur löngum verið umtalað og eftir því tekið hversu öflugir og fjölhæfir þeir einstaklingar og hópar eru sem komið hafa til hinna ýmsu verkefna.

Alls voru 64 einstaklingar við störf á vegum friðargæslunnar á árinu. Þar af voru 51 sem hófu störf á þessu ári. Störfín voru af fjölbreyttum toga, m.a. vopnahléseftirlit á Srí Lanka, þróun og uppbygging í Afganistan og upplýsingafulltrúi í Bagdad. Að auki fór nokkur hópur til starfa við kosningaæftirlit víða um heim. Stöðugildi sem friðargæslan mannaði til lengri tíma á árinu voru 25. Þessum stöðugildum gegna stundum 2-3 einstaklingar yfir árið.

Í þessari skýrslu verður farið yfir þau verkefni sem Íslenska friðargæslan tók þátt í á árinu og litið á þá stefnumótun sem fór fram í tengslum við starfsemina ásamt yfirliti yfir kostnað við verkefni og rekstur.

Helstu stefnumál

Á síðustu árum hefur gætt ákveðinna áherslubreytinga í utanríkisstefnu Íslands. Áhersla er lögð á að Ísland sé ábyrgur þátttakandi í samfélagi þjóðanna sem hafi getu og skyldu til þess að leggja sitt af mörkum til alþjóðlegra viðfangsefna. Aukin þátttaka í friðargæslu er liður í því og hefur verið unnið að fjölgun og breikkun þeirra verkefna sem er sinnt, þó með þeim hætti að skilgreina meginsvið sem leggja beri



áherslu á. Ríkisstjórn Íslands hefur í nokkurn tíma lagt vaxandi áherslu á framlag til friðargæsluverkefna og hefur m.a. verið lögð áhersla á að nýta Íslensku friðargæsluna og störf hennar sem framlag á vettvangi alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að eða í samstarfi við.

Litið er á friðargæslu sem mikilvægan hlekk í uppbyggingar- og þróunarstarfi og í raun forsendu þess að efla efnahag og uppbyggingu í stríðshrjádum löndum. Nauðsynlegt þykir að

bæta lífsskilyrði ef friður á að haldast og friðargæsla, með þátttöku sérfræðinga af ýmsu tagi, brúar bilið milli hefðbundinnar friðargæslu og hefðbundinnar þróunaraðstoðar. Mikilvægt er að velja verkefni sem samræmast þeirri sérhæfingu og þekkingu sem Ísland, sem herlaus þjóð, getur helst lagt til í samstarfi við í alþjóðasamtök og stofnanir.

Aukin áhersla hefur verið lögð á þátt kvenna í friðargæslu, bæði þátttöku þeirra í friðargæsluverkefnum og mikilvægi þess að friðargæsluverkefni taki mið af aðstæðum kvenna. Í takt við nýja stefnumótun tekur verkefnaval og stefna mið af kynjasjónarmiðum. Ályktun Sp um konur, frið og öryggi var höfð til hliðsjónar og vinna var hafin við að setja saman aðgerðaáætlun sem miðaði að því hvernig mætti samþætta ályktun öryggisráðsins inn í starfsemi Íslensku friðargæslunnar. Á árinu var unnið að því að koma á fastmótaðri umgjörð fyrir starfsemi Íslensku friðargæslunnar. Liður í því var að undirbúa lög um Íslensku friðargæsluna sem voru lögð fyrir Alþingi á vormánuðum 2006. Löggin náðu ekki

fram að ganga en nýtt frumvarp var síðan lagt fyrir þingið í desember 2006, auk þess sem undirbúningur við gerð siðareglna hófst.

Í tengslum við ákvörðun um fastmótaðri umgjörð fyrir starfsemi Íslensku friðargæslunnar var ákveðið að fara yfir ferli ákvarðanatöku við val verkefna og treysta samstarf við ríkisstjórn og kjörna fulltrúa á Alþingi í því ferli.

Vinna hófst á árinu við að yfirfara og uppfæra viðbragðslistann og er reiknað með að stækka hann með almennum auglýsingum. Fjölgun friðargæsluliða hefur verið stefnumál frá árinu 2003. Þá var ætlunin að fjölga stöðugildum í friðargæslu í 50 við árslok 2006. Því markmiði var ekki náð

en áhersla hefur verið lögð á vandað verkefnaval fremur en hreina höfðatalningu. Verkefni, aðstæður og öryggi á staðnum þarf að samræmast þeim kröfum sem gera verður til að hægt sé að senda sérfræðinga til starfa.



Helstu verkefni ársins 2006

Afganistan

Pátttaka Íslands í friðargæslustörfum í Afganistan fer fram í samstarfi við Atlantshafsbandalagið sem stýrir ISAF (International Security Assistance Force) með þátttöku um 37 þjóða. Verkefni ISAF eru unnin á grundvelli ályktana Öryggisráðs Sp um friðargæslu og uppbyggingarstarf í Afganistan. Ísland hefur tekið þátt í margs konar verkefnum í Afganistan, allt frá árinu 2004. Alls voru 40 íslenskir friðargæsluliðar að störfum í Afganistan á árinu, þar af 33 sem hófu störf á þessu ári. Þessi mikli fjöldi skýrist af því að friðargæsluliðar dvelja yfirleitt skemur í Afganistan hverju sinni, heldur en á öðrum stöðum, en stöðugildi voru að meðaltali um 15 yfir árið.

Friðargæslan var með starfsmenn á þremur stöðum í Afganistan. Nokkur stöðugildi voru á alþjóðaflugvöllinum í Kabúl í stöðdeild bækistöðvarinnar á flugvöllinum, m.a. við umsjón rekstrar- og viðhaldsmála, eftirlit með bílafloata og verkstæði og ýmis umsjónarstörf vegna tækja og véla til að

tryggja öruggar samgöngur. Einnig var starfandi ráðgjafi á sviði flugvallarrekstrar og flugmála hluta af árinu.

Í höfuðstöðvum ISAF í Kabúlborg starfaði pólitískur ráðgjafi innan skrifstofu sendiherra og sérlegs borgaralegs fulltrúa frkv.stj. NATO í Afganistan.

Í Ghor héraði tók Ísland þátt í héraðsuppbyggingarsveit - Provincial Reconstruction Team (PRT) sem hefur bæki-stöðvar í Chagcharan, en um 25 slíkar uppbyggingarsveitir eru starfræktar á vegum ISAF í Afganistan. Þar fólst þátt-takan annars vegar í hreyfanlegri eftirlits-og upplýsingasveit (Mobile Liason and Observation Team) sem fór um hluta héraðsins á sérbúnum bifreiðum. Sveitin kannaði ástand í þorpum og ræddi við þorpsleiðtoga um aðstæður og öryggi á svæðinu. Einnig var komið búnaði og aðstoð til þorpa sem á þurftu að halda eins og hægt var. Auk þessa var íslenskur þróunarfulltrúi að störfum í Ghor-héraði allt árið. Tímabundið verkefni var unnið um haustið þegar ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur fóru til starfa um mánaðarskeið vegna námskeiðshalds fyrir yfirsetukonur og ljósmæður í héraðinu. Ákveðið var haustið 2006 að ljúka viðveru íslensku MLOT sveitarinnar og starfaði hún fram í apríl 2007.

Srí Lanka

Pátttaka Íslands í friðargæslustörfum á Srí Lanka fer fram innan Sri Lanka Monitoring Mission (SLMM) í samvinnu við hin Norðurlöndin á grundvelli vopnahléssamnings frá 2002. Í upphafi tóku allar Norðurlandþjóðirnar þátt í verkefninu með því að leggja til starfsmenn en Finnar, Svíar og Danir neyddust til þess að draga sig út úr verkefninu á árinu þegar Evrópusambandið skilgreindi LTTE, samtök Tamíl tigranna, sem hryðjuverkasamtök. Ísland og Noregur töldust hins vegar áfram hlutlaus gagnvart báðum aðilum og héldu áfram starfinu á grundvelli þess umboðs sem fyrir lá í vopnahléssamningnum. Vegna brotthvarfs hinna Norðurlandþjóðanna þurftu Norðmenn og Íslendingar að fjölga sínu starfsfólki í landinu til þess að manna lágmarkseftirlit og aðra starfsemi SLMM. Öll Norðurlöndin héldu áfram að fjármagna verkefnið. Alls voru 14 íslenskir friðargæsluliðar að störfum á



Srí Lanka á árinu, en stöðum var fjölgað úr fjórum í 10 um haustið. Íslendingar hafa gegnt störfum eftirlitsmanna auk stöðu fjölmiðlafulltrúa/talsmanns SLMM sem Ísland hefur mannað frá upphafi. Eftir brotthvarf hinna Norðurlandþjóðanna, tók Noregur við stöðu yfirmanns eftirlitssveitanna. Íslendingar hafa frá hausti 2006 mannað stöðu næstráðanda (Chief of Staff), auk þess að leggja til talsmann, starfsmenn í höfuðstöðvar og eftirlitsmenn.

Írak

Ísland hefur mannað stöðu upplýsingafulltrúa þjálfunarverkefnis NATO fyrir yfirmenn í Íraska hernum, (NATO Training Mission, NTM-I) í Bagdad frá 2005. Verkefnið felur í sér þjálfun, eflingu menntunar og kynningu m.a. á upplýsingamiðlun og fjölmiðlasamskiptum fyrir Íraska yfirmenn. Auk þess sinnir upplýsingafulltrúinn innra upplýsingastarfi í verkefninu og fréttaskrifum frá verkefninu. Tveir friðargæsluliðar gegndu stöðu upplýsingafulltrúa á árinu.

Bosnía-Hersegóvína

Ísland hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í lögregluverkefni ESB, (European Union Police Mission) í Bosnía-Hersegóvínu. Á fyrri hluta ársins var einn lögreglumaður að störfum með sveitinni, en friðargæslan hefur stutt verkefnið frá upphafi þess árið 2003.



Serbía

Um árabíl hefur Ísland tekið þátt í starfi með UNIFEM við uppbyggingu jafnréttismála og lýðræðis á Balkanskaga. Verkefni UNIFEM á Balkanskaga taka m.a. til Kosovo, Serbíu, Makedóníu, Bosníu og Svartfjallalands. Einn friðargæsluliði hefur starfað í Serbíu á árinu í samvinnu við UNIFEM. Verkefnið snýr að því að styrkja lýðræðisuppbyggingu í landinu, styðja við friðaruppbyggingu á svæðinu og stuðla að því að jafnréttissjónarmið verði höfð til hliðsjónar við mótnun stefnu og uppbyggingu stjórnsýslu.

Tansanía og Líbería

Einn friðargæsluliði fór til þjálfunar um nokkurra vikna skeið í vörustjórnun á vegum Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) til Dar es Salaam í Tansaníu í samræmi við samning milli Matvælaáætlunar Sp og Íslensku friðargæslunnar. Annar friðargæsluliði var að störfum um nokkurra vikna skeið í Líberíu í samvinnu við Matvælaáætlun Sp skv. fyrrgreindum samningi.

Markmiðið með samningnum er að ávallt séu til taks þjálfaðir einstaklingar sem geti farið til starfa á vegum Matvælaáætlunarinnar með stuttum fyrirvara. Á árinu fóru einnig tveir einstaklingar til Ítalíu í grunnþjálfun vegna verkefnisins.

Kosningaeftirlit

Átta einstaklingar fóru utan á árinu til starfa við kosningaefntirlit á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Hvíta-Rússlandi, Úkraínu, Svartfjallalandi og Bosnía. Algengt er að tveir til þrjár eftirlitsmenn fari til starfa í slík verkefni í um vikutíma á grundvelli samstarfs Íslensku friðargæslunnar við ÖSE. Reynt er að hafa hópinn hverju sinni samsettan af fólki með bakgrunn í stjórnmálum, fjölmiðlun og stjórnsýslu eða alþjóðamálum.



Framlag í öðru formi

Framlag Íslensku friðargæslunnar til ýmissa verkefna getur verið í öðru formi en með mannskap. Fjárhagslegur stuðningur við margvísleg friðargæsluverkefni og uppbyggingarstarf skiptir líka máli. Meðal annars styður Ísland stofnun friðaruppbyggingarnefndar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og styrkti friðaruppbyggingarsjóð verkefnisins um eina milljón bandaríkjadala á árinu. Ísland lagði einnig sitt af mörkum til annarra endurreisnarsjóða, t.d. vegna þjálfunar íraskra lögreglumanna. Ísland kostar einnig verkefni við uppbyggingu lítilla vatnsaflsvirkjana í Ghor héraði, til að veita rafmagn til þorpa á háfjallasvæðum og hefur þróunarfulltrúi haft umsjón með því. Til athugunar eru einnig frekari framlög í sjóð sem nýtast uppbyggingu og þróun í Afganistan.



Ísland hefur einnig lagt NATO lið með því að koma að loftflutningum með menn, búnað og hjálpargögn vegna aðgerða og hjálparstarfs á ýmsum stöðum í heiminum. Stefnt er að framhaldi á þessu samstarfi.


Í október var undirritaður samningur milli utanríkisráðuneytisins og Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar og þar með fest í sessi samstarf sem hefur verið til staðar óformlega frá 1999. Sveitin er á viðbragðslista SP og annarra stofnana varðandi viðbrögð við hættuástandi og náttúruhamförum. Utanríkisráðuneytið ábyrgist greiðslu kostnaðar vegna útkalla þegar beiðni um aðstoð berst frá öðru ríki eða Sameinuðu þjóðunum. Jafnframt styður utanríkisráðuneytið sveitina vegna samráðsfunda og samæfinga með öðrum ríkjum.

Yfirlit yfir kostnað

Fjárheimildir friðargæslunnar fyrir árið 2006 voru 573 milljónir, en afgangur varð af rekstri ársins 2005 sem yfirfærðist á árið. Reksturinn var því innan fjárheimilda ársins.

Á árinu 2006 var rekstur friðargæslunnar um þriðjungur tvihliða þróunaraðstoðar og um 20% af allri þróunaraðstoð íslenskra stjórnvalda.

Verkefnisstaður	Kostnaður í milljónum kr.
Afganistan	300
Sri Lanka	65
Bosnía	7
Írak	27
Serbía	12
Aðrir staðir	15.5
Kosningaæftirlit ofl.	3
Almennur rekstur	47
Framlög	100
	576.5



Tegund kostnaðar	Kostnaður í milljónum kr.
Launakostnaður	203
Dagpeningar og ferðakostnaður	37
Aðstoðukostnaður í verkefnum	50
Undirbúningur og þjálfun	40
Búnaður og viðhald	20
Skrifstofukostnaður ofl.	45
Framlög til verkefna	60
Önnur framlög til alþjóðastofnana	60
Ýmislegt	22.3
Lofflutningar	39.2
	576.5

